

Lykilupplýsingaskjal

Séreignardeild LSV – Safn I

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja – Safn I.

Séreignardeildin er í rekstri LSV:

Kennitala: 580572-0229

Skólavegur 2, 900 Vestmannaeyjar

Símar: 481 1008

<https://lsv.is> skrifstofa@lsv.is

LSV er eftirlitsskyldur aðili undir eftirliti Seðlabanka Íslands.

Athugið: Um er að ræða samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Útgáfudagur: 10.02.2022

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Safn I er lífeyrissparnaður í formi séreignarsjóðs í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997. Heimilt er að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð og eiga sjóðfélagar í séreignarsjóði þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% af heildarlaunum.

Markmið

Safn I er blönduð leið sem hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Safn I er varfærin leið þar sem um 65% eigna eru í innlendum skuldabréfum og 35% í innlendum og erlendum hlutabréfum. Miðað er við að vægi eigna í erlendri mynd sé 25%.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Safnið hentar vel þeim sem vilja tryggja sér jafna og stöðuga ávöxtun með lágmarksáhættu. Það er heppilegt fyrir þá sem eiga ekki mikil lífeyrisréttindi, eru e.t.v. að nálgast eftirlaunaaldur og þola því illa áhættu í fjárfestingum. Áhættuminni ávöxtunarleiðir henta betur þegar líður á ævina.

Áhættuvísir

Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við mjög erfiðar markaðsaðstæður og tekur ekki tillit til aðstæðna þar sem við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru innihalda allan kostnað við vöruna sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til skattalegrar stöðu þinnar, sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef LSV getur ekki greitt út?

Engar tryggingar eru til staðar til að tryggja inneign sjóðfélaga gagnvart mögulegu tapi.

Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting: 100.000 kr.			
Sviðsmyndir ¹	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 3 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Heildarkostnaður	631 kr.	4.051 kr.	10.865 kr.
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,60%	0,60%	0,60%

1) Gert ráð fyrir miðlungs sviðsmynd

Samsetning kostnaðar

Tafla þessi sýnir áhrif kostnaðar á hagnað á hverju ári			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,00%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,60%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana. Við tökum þessa þóknun af fjárfestingu þinni ef afurðin stendur sig betur en viðmiðun henna.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Ráðlagður fjárfestingartími hefur verið valinn til að vera nógu langur til að jafna sveiflur í ávöxtun yfir tímabil. Þessi vara er hugsuð sem opin fjárfesting. Þú getur nálgast almennan séreignasparnað við 60 ára aldur. Tilgreind séreign er laus til útgreiðslu á fimm ára tímabili fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur (nú 67 ára).

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að hafa samband við aðalskrifstofu sjóðsins Skólavegi 2, 900 Vestmannaeyjum. Einnig er hægt að hringja í síma 481 1008 eða senda tölvupóst á skrifstofa@lsv.is.

Aðrar upplýsingar sem skipta mál

Ársreikning og fjárfestingarstefnu er að finna á vefsíðu LSV lífeyrissjóðs <https://lsv.is>.